

Mánudaginn 12. jan. 1925.

Nr. 23/1924. **Pjetur A. Ólafsson og skiftaráð-
andi Reykjavíkur f. h. protabús
Þorsteins Jónssonar** (Lárus Jóhannesson)
gegn

**Guðm. Ólafssyni f. h. E. von Meh-
ren & Co.** (Sjálfur).

Um skyldu áfrýjenda til að bera kostnað við skips-
höfn af söktu skipi þeirra við Bretland.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 1. desbr. 1923:
Stefndir, Pjetur A. Ólafsson og skiftaráðandinn í Reykjavík fyrir
hönd protabús Þorsteins Jónssonar, greiði annar fyrir báða og
báðir fyrir hinn, stefnanda Guðmundi Ólafssyni fyrir hönd firmans
E. v. Mehren & Co., 86 pund sterling, 15 shillings, 9 pence ásamt
6% ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags.

Málekostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það athugast, að þegar mál þetta var höfðað,
hafði bú annars af eigendum skipsins »Áfram«, Þor-
steins kaupmanns Jónssonar, verið tekið til gjald-
protaskifta og var málið höfðað með sjódómskærunni,
gegn skiftaráðandanum í Reykjavík f. h. protabús hans.
Við þingfestingu málsins í sjódóminum mætti með-
stefndur Pjetur A. Ólafsson, bæði fyrir sjálfs síns
hönd og fyrir hönd skiftaráðandans, samkvæmt ótak-
mörkuðu umboði frá honum, og samþykkti að málið
yrði rekið í sjódómi. Má því telja að rjett hafi
verið að reka málið í sjódómi samkv. 1. gr. l. 52.
30. nóv. 1914, einnig gegn protabúinu.

Í hæstarjetti hafa áfrýjendur krafist þess aðal-
lega að hinum áfrýjaða dómi yrði breytt og hrundið

þannig, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af kröfum stefnda, en til vara hafa þeir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að þeir verði dæmdir til að greiða hina ídæmdu upphæð að hálfu leyti hvor.

Eins og tekið er fram í ástæðum hins áfrýjaða dóms var skipinu »Áfram« sökt af kafbát á siglingaleið, sem sjerstaklega mikil ófriðarhætta var á, og það er in confesso í málinu að skipstjóra hafi verið kunnugt um ófriðinn og að hann ætti för um hættusvæðið, er hann ljet í haf síðast. Af þessum ástæðum bar útgerð skipsins, samkvæmt 103. gr. siglingalaganna, að greiða kostnaðinn af ferð skipshafnarinnar hingað til lands. Í málinu hefir verið deilt um það, hvort fje það, er stefndur krefst endurgreiðslu á, hafi verið látið skipshöfninni í tje af hinu stefnda firma, sem miðlurum skipsins, eða af danska ræðismanninum í Glasgow, er þá var E. von Mehren, sem virðist vera eigandi hins stefnda firma. Af því sem fyrir liggur í málinu, og þegar litið er til þess að ræðismanninum bar embættisskylda til að styrkja skipshöfnina til heimferðar, verður að telja að fje þetta hafi verið látið skipshöfninni í tje af ræðismanninum. Af því leiðir að hann á rjett á endurgreiðslu á nauðsynlegum heimferðarkostnaði skipshafnarinnar og verður að telja honum heimilt að beina þeirri kröfu beint að útgerð skipsins. Sú sýknuástæða áfrýjenda að málinu sje ranglega beint gegn þeim verður því ekki tekin til greina, en það hefir ekki verið vefengt að firmað E. von Mehren & Co. sje nú rjettur aðili að kröfunni.

Áfrýjendur hafa í annan stað krafist sýknu vegna þess að hin umstefnda skuld væri fyrnd. Reikningur stefnda yfir hið framlagða fje er dags.

9. ágúst 1917 en sjódomskæran í málinu birt 14. sept. 1921 og telja áfrýjendur því kröfuna fyrnda samkv. 1. lið 3. gr. l. 14., 20. okt. 1905. Á þetta verður þó ekki fallist. Krafa sú er mál þetta snýst um er sjerstaklegs eðlis og fellur ekki niður við 4 ára fyrningu, og breytir það engu í því efni þótt fjenu hafi verið varið til að kosta ferð skipshafnarinnar.

Af þessum ástæðum og með því að liðum þeim á reikningi stefnda, er tekhir voru til greina í hinum áfrýjaða dómi, ekki hefir verið mótmælt, ber áfrýjendum að greiða stefnda upphæð þessara reikningsliða, en hún er oftalin í hinum áfrýjaða dómi um 2 shillings. Málinu hefir ekki verið gagnáfrýjað.

Varakröfu sína hafa áfrýjendur bygt á því, að þeir hafi átt skipið »Áfram« að hálfu hvor, og beri því hvor um sig, samkv. 14. gr. siglingalaganna, aðeins ábyrgð á skuldbindingum útgerðarinnar að þeirri tiltölu. Í sjódomskærunni var þess krafist að áfrýjendur yrðu dæmdir til að greiða hina umstefndu upphæð in solidum og var slíkri ábyrgð þeirra á skuldbindingum útgerðarinnar aldrei mótmælt í sjódominum. Er því ofseint að mótmæla henni nú og verður varakrafa áfrýjenda af þessum sökum eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu og með því vaxtakröfunni eigi hefir verið mótmælt ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda in solidum £ 86 — 13 — 9 með 6 % ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags svo og málskostnað í hæstarjetti, er ákveðst 400 krónur, en málskostnaður í sjódomi falli niður.

Á máli þessu hefir orðið allmikill dráttur í hjerði af málflutingsmannanna hálfu, en eftir atvikum þykir gjörð nægileg grein fyrir þessum drætti.

Þá hafði og sjódomurinn málið til dóms í meira

en 7 mánuði, eða frá 21. apríl 1923 til 1. des. s. á. Fyrir þennan óhæfilega drátt, er hinn setti formaður sjóðómsins, Vigfús stjórnarráðsfulltrúi Einarsson, verður að teljast eiga sök á, og eigi hefir verið rjettlættur, verður ex officio að láta hann sæta sekt, samkv. 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832. Ákveðst sektin 40 krónur og renni í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Það athugast enn fremur að stimpilmerki vantar á dómsgjörðir sjóðómsins.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjendur, Pjetur A. Ólafsson og skiftaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Þorsteins Jónssonar, greiði stefnda, Guðmundi Ólafssyni f. h. E. von Mehren & Co., in solidum £ 86 — 13 — 9 með 6 % ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður í sjóðómi falli niður en áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í hæstarjetti in solidum með 400 krónum.

Hinn setti formaður sjóðómsins Vigfús stjórnarráðsfulltrúi Einarsson greiði 40 króna sekt í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað stefnandi Guðmundur Ólafsson, hæstarjettarmálaflutningsmaður, hjer í bænum, fyrir hönd firmans E. von Mehren & Co. í Glasgow gegn stefndum Pjetri A. Ólafssyni konúl hjer í bænum og skiftaráðandanum í Reykjavík f. h. þrota-

bús Þorsteins Jónssonar. Hefir stefnandi gert þær kröfur fyrir sjóðóminum, að stefndir verði annar fyrir báða og báðir fyrir hinn dæmdir til að greiða sjer £ 241 — 15 — 9 ásamt 6% árs-vöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags og málskostnað að skað-lausu. Stefndir hafa aftur á móti krafist sýknunar í málinu og að þeim verði dæmdar 400 krónur í málskostnað.

Tildrög málsins eru þessi:

Skúta nokkur, sem stefndir áttu, var í júnímánuði 1917 send til Aberdeen með lýsi og átti að flytja salt aftur hingað til lands. Komst hún klaklaust til Aberdeen, en var sökt 13. júlí s. á. á leið þaðan aftur, af þýskum kafbát. Björguðust skipverjar 5 að tölu, og flutti tundurspillir sá, sem bjargaði þeim þá til Orkneyja, en síðar voru þeir fluttir til Glasgow af breskum hernaðarvöldum. Hin mikla styrjöld stóð sem hæst um þetta leyti, og var þá af Þjóðverjum ákveðið svæði, þar sem þeir hlífðu engum skipum er um feru er þeir gætu til náð og sem fluttu yörur til Bandamanna. Þegar til Glasgow kom, sneri skipstjórinn af hinu sokkna skipi sjer til E. v. Mehren, dansks konsúls þar, og bað hann ásjár, eða firma hans, stefnanda í þessu máli, E. von Mehren & Co. Varð það úr að nefndur konsúll eða firma hans sumpart lánaði skipstjóra og sumpart lagði út vegna skipshafnarinnar hina umstefndu upphæð.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að skipstjóri hins sokkna skips hafi fengið umstefnda upphæð lánaða til heimferðar skipshafnarinnar hjá firmanu E. von Mehren & Co. sem skipamiðlara, en ekki hjá E. von Mehren sjálfum, sem dönskum konsúl, og hafi hann sem skipstjóri haft heimild til að binda eigendur skipsins, hina stefndu, til að greiða upphæðina samkvæmt 103. gr. siglingarlaganna 30 nóv. 1914. Þessu hafa stefndir mótmælt og krafist sýknunar, aðallega af því að þeir sjen ekki rjettir aðiljar í málinu, heldur stjórnarráð Íslands, en til vara af því að kraf-an sje fyrnd.

Til stuðnings aðalkröfu sinni hafa stefndir haldið því fram, að kafbátahernaðurinn geti ekki talist til hernaðar í eiginlegri merkingu, af því hann hafi verið þjóðrjettarbrott, og beri að setja hann á bekk með sjóráni, en þetta getur ekki orðið fallist á, þegar af þeirri ástæðu, að allar ófriðarþjóðirnar víðurkendu hann sem hernaðarráðstafanir og var með skipshafnir af kafbátum farið sem aðra herfanga, en ekki sjóræningja. Og þó að stjórnnin hjer hafi eftir beiðni stefnds Pjeturs A. Ólafssonar tekið að sjer að láta umboðsmann sinn í London greiða fyrir heimsendingu skip-

brotsmanna, eins og þá stóð á, sannar það ekkert um það, að hún hafi talið ríkissjóði skylt að greiða heimsendingarkostnað skipshafnarinnar, eins og stefndir vilja halda fram, enda verður ekki sjeð að hún hafi gengist undir það, nje gefið tjeðum umboðsmanni sínum heimild til að greiða þann kostnað. Og heldur ekki sannar það að stjórnin hafi talið ríkissjóði skylt að kosta heimsendingu þeirra skipbrotsmanna, að hún hefir greitt úr ríkissjóði £ 21, 19 sh., 17 d. = kr. 363,10, sem konúllinn í Wiek hafði lagt út vegna þeirra, því hún hefir kafið hlutaðeigendur um endurgreiðslu, og virðist það benda á að hún hafi talið þeim skylt að bera kostnaðinn, en hversvegna hún hefir ekki reynt að fá kröfuna greidda með málssókn, er ekki upplýst. Það er in confesso að skipstjóri og útgerðarmenn hins sokkna skips vissu um ófriðinn þegar skipið lagði af stað hjeðan, og sömuleiðis um það, að svæði það, sem skipinu var ætlað að sigla yfir við England var sjerstaklega hættulegt. Það verður því að fallast á skoðun stefnanda um það, að ríkissjóði beri engin skylda til að greiða heimsendingarkostnað skipbrotsmanna þessara samkvæmt 103. gr. siglingarlaganna, heldur útgerðarmönnum skipsins, þar sem þeir, vitandi um hernaðarástandið, hafa stofnað skipinu í bersýnilega hættu. Fyrir þessu getur aðalkrafa stefndra um sýknun vegna aðildarskorts ekki orðið tekin til greina, því ekki virðist ástæða til að meina stefnanda að krefjast greiðslu af þeim, sem er hinn eiginlegi skuldanautur, þó hann ef til vill hefði getað innheimt upphæðina aðra leið. Því er ekki mótmælt af stefndum að hin umstefnda upphæð sje að minsta kosti að einhverju leyti lögð út til heimferðar skipshafnarinnar af hinu sokkna skipi, og er því samkvæmt framansögðu ekki vafi á því, að þeim bar að greiða hana að því leyti að minsta kosti sem hún var bráðnaðsynleg í því augnamiði. Í þessu sambandi hafa aðiljar mjög skifst á orðum um það hvort skipstjórinn af hinu sokkna skipi, hafi snúið sjer til E. von Mehren sjálfs sem dansks konsúls eða til stefnanda, E. von Mehren & Co. sem skipamiðlara. Stefndir hafa haldið því fram að hann hafi snúið sjer til E. von Mehren sjálfs og fengið peningana hjá honum sem dönskum konsúl, og hafi honum sem konsúl borið skylda til að gæta þess, að greiða aðeins bráðnaðsynlegustu útgjöld til dvalar skipshafnarinnar í Englandi og til heimferðar hennar. Stefnandi staðhæfir aftur á móti að hann hafi snúið sjer til firmans sem skipamiðlara, og hafi firmanu því eigi borið nein skylda til að grenslast eftir því til hvers hann

notaði fje það, er hann fengi hjá því i nafni útgerðarinnar, sem hann hafi haft fulla heimild til að binda með samningum sínum fyrir hennar hönd. Um þetta atriði er það upplýst í málinu, að skipshöfnin er send til Glasgow af konsúlnum í Wick og vísað til E. von Mehren konsúls þar, og hefir hann sent hina umstefndu kröfu utanríkisstjórninni dönsku til greiðslu eða innheimtu, eins og venja er til um kröfur konsúla, þannig að svo virðist sem hann hafi þá talið sig hafa lagt út fjeð sem konsúll, og benda einnig símskeyti, sem lögð hafa verið fram í málinu í sömu átt. Það virðist ekki gegn ákveðnum mótmælum stefndra, meðferð E. von Mehren á kröfunni og öðrum gögnum málsins, geta talist næg sönnun þess, að skipstjórinn hafi átt við firmað E. von Mehren & Co., að hann hefir ritað undir það til firmans, sem fram hefir verið lagt í málinu, með lofordi um að gefa því ávísun á eiganda hins sokkna skips og síðan gefið út ávísun til firmans, enda virðist hafa legið beinast við fyrir skipstjórnann að snúa sjer til konsúlsins um heimsendinguna eins og á stóð, hvort sem það nú hefði verið ríkissjóður Íslands eða útgerðin, sem kosta átti hana að lokum, því aðeins konsúlnum bar skylda til samkvæmt 66. grein konsúls-leiðbeininganna dönsku frá 18. janúar 1912 að skifta sjer af heimsendingunni. Sjóðómurinn verður þess vegna, eftir því, sem fyrir liggur í málinu, að fallast á skoðun stefndra, að skipstjórinn hafi átt við E. von Mehren sjálfan sem konsúl, en ekki við firma hans sem skipamiðlarafirma, enda virðist konsúllinn, eins og að framan segir, með meðferð sinni á kröfunni, hafa viðurkennt þetta, þrátt fyrir umboð og ávísun skipstjórnans til firma hans. Eftir því hefir það ekki þýðingu að fara frekar út í það, hvort skipstjórinn mundi hafa getað bundið útgerðarmenn skipsins gagnvart öðrum mönnum, er hann hafði snúið sjer til, eða að hve miklu leyti, og leiðir sjóðómurinn það hjá sjer.

Það verður samkvæmt framansögðu að fallast á þá skoðun stefndra, að tjeður konsúll — og reyndar hver sem verið hefði — geti aðeins hafa öðlast kröfu gagnvart útgerðarmönnum hins sokkna skips fyrir hæfilegum heimsendingarkostnaði, og er þá athugandi hvort hin umstefnda upphæð muni hæfileg. Því verður ekki neitað, að hún er furðu há, þar sem hún nemur um 967 shillings fyrir hvern hinna fimmm skipverja, enda hafa stefndir mótmælt upphæðinni sem óhæfilega hárrí, og sjerstaklega hafa þeir mótmælt því, að stefnandi hefir látið skipstjórnann fá 155 pund sterling, án

þess að fyrir þeirri upphæð sje nokkur greinargerð. Stefnandi hefir ekki mótmælt því að skipstjórinn hafi fengið þetta fje án þess að gera grein fyrir notkun þess, en hinsvegar haldið því fram að kvittanir hans hafi verið afhentar Pjetri A. Ólafssyni ásamt fylgiskjöllum yfir hina aðra liði hinnar umstefndu upphæðar, og hefir hann viðurkent móttöku þeirra með brjefi, dags. 21. sept. 1917, sem fram hefir verið lagt í málinu. Þar sem stefndir hafa ekki orðið við áskorun stefndanda um að leggja fylgiskjöl þessi fram, virðist því verða að álita, að í þeim hafi verið nægileg greinargerð fyrir öðrum liðum hinnar umstefndu upphæðar, en umræddum 155 sterlings pundum, og hafi því stefndum borið að greiða hina umstefndu upphæð að þeim frádregnum.

Til vara hafa stefndir, eins og áður er sagt, haldið því fram að hin umrædda krafa sje fyrnd, og krafist sýkunnar af þeirri ástæðu. Hafa þeir byggt þetta á því, að stefna í málinu sje gefin út meira en 4 árum eftir að skuldin var stofnuð, en krafan sje meðal þeirra krafa, sem upp eru taldar í 1. lið 3. greinar fyrningarlaganna 20. okt. 1905. Á þessa skodun, sem er mótmælt af stefnanda, virðist þó ekki geta orðið fallist, þar eð í þessum lið umræddrar lagagreinar mun aðeins vera um að ræða kröfur, sem byggjast á samningum, svo sem líka glögt er tekið fram í athugasemdum stjórnarinnar við fyrningarlaga frumvarpið. Þær kröfur sem ræðir um í tjeðum greinarlið út af veru, viðurgjörningi eða aðhlynningu, virðast munu vera þær, sem byggjast á húsaleigu-, vistráðningar- eða lögskráningarsamningum og öðru slíku og þar um ræddar kröfur út af flutningi á mönnum og munum, þær, sem t. d. byggjast á samningum milli farms- eða fólksilytjenda annarsvegar og farmsendenda eða farþega hinsvegar o. þ. h. Krafa konsúls út af heimsendingu skipshafnar er svo sjerstaks eðlis, að hún virðist ekki geta talist slík samningskrafa, er falli undir nefndan greinarlið, og heldur ekki verður sjeð að slík krafa falli undir neinn annan lið greinarinnar. Með því að fyrning er rjettarmissir fyrir þann, sem kröfuna á, virðist varhugavert að telja kröfu fyrnda á 4 árum, ef hún ekki beinlínis og ótvíræðlega er meðal þeirra krafa, sem taldar eru upp í umræddri fyrningarlagagrein, en svo virðist ekki vera um þess konar kröfu, sem hjer ræðir um, og virðist því rjett að líta svo á, að hin umstefnda krafa falli undir þær kröfur, sem samkvæmt 2. lið 4. gr. fyrningarlaganna fyrnast á 10 árum, og getur samkvæmt því varakrafa stefndra ekki orðið tekin til greina.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, ber að dæma stefnda, annan fyrir báða og báða fyrir hinn, til að greiða stefnanda — þar sem firmað E. von Mehren & Co. nú ómótmælt er eigandi kröfunnar — 86 pund sterling, 15 shillings, 9 pence, ásamt 6% ársvöxtum frá 9. ágúst 1917 til greiðsludags, þar eð þeirri vaxtakröfu hefir eigi sjerstaklega verið mótmælt.

Málskostnaður þykir eftir ástæðum rjett að falli niður.

Mánudaginn 26. jan. 1925.

Nr. 47/1924. **Jes Zimsen f. h. Hins íslenska steinolíuhlutafjelags** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Knud Zimsen f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur (Guðm. Ólafsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 8. júní 1924: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og hin umbeðna gjörð á fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Að því athuguðu, að niðurjöfnunarnefndin hækkaði útsvar áfrýjanda, eftir að hafa meðtekið brjef hans til nefndarinnar, dags. 20. maí 1922 — en kæru-frestur var ekki útrunninn fyrr en 7. júní — verður að telja, að nefndinni hafi verið bæði rjett og skylt að taka hið upphaflega útsvar áfrýjanda til athugunar af nýju, og þá um leið heimilt að lækka það, staðfesta eða hækka, eftir því sem ástæður rynnu til.

Og þar sem hækunarástæður nefndarinnar voru fólgnar í nefndu brjefi áfrýjanda og gefnar samkvæmt »ársuppgjöri« hans fyrir 1921, þá þurfti nefndin ekki að aðvara áfrýjanda, áður en hún ákvað, hvað leggja